



Malbikunarstöðin HÖFÐI hf.



Umsókn um starfsleyfi fyrir bikbirgðastöð

Janúar 2015

Umsókn um starfsleyfi fyrir bikbirgðastöð

Malbikunarstöðin Höfði hf. sækir hér með um starfsleyfi fyrir bikbirgðastöð sína að Sævarhöfða 6 -10, 110 Reykjavík. Sótt er um heimild til móttöku, geymslu og afhendingu á bikbindiefnum (stungubiki) sem eru notuð til vegagerðar .

Umfang atvinnurekstrar

Starfsemi bikbirgðastöðvar Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. snýr að móttöku, geymslu og afhendingu á bikbindiefnum sem er notuð til vegagerðar. Um er að ræða móttöku, geymslu, sölu og afhendingu stungubiks og sölu og afhendingu á þjálbiki. Starfsemi bikbirgðastöðvar fer aðallega fram yfir sumartímenn. Tveir fastir starfsmenn framleiðsludeildar fyrirtækisins sjá jafnan um starfsemi bikbirgðastöðvarinnar.

Umhverfisstofnun setur fram skilyrði fyrir starfsleyfisskyldu fyrir asfaltgeyma, sem eru stærri en 50 rúmmetrar. Þeir geymar sem fyrirtækið á og heyrar undir slík skilyrði eru:

- ✓ Birgðatankur 1: 3.600 rúmmetrar (BT01)
- ✓ Birgðatankur 2: 3.600 rúmmetrar (BT02)
- ✓ Birgðatankur 3: 600 rúmmetrar (BT03)
- ✓ Dagtankur 1: 65 rúmmetrar (DT01)
- ✓ Dagtankur 2: 65 rúmmetrar (DT02)

Allir ofangreindir tankar eru fyrir stungubik. Auk þeirra eru eftirtaldar tankar á lóð fyrirtækisins:

- ✓ Þrjú minni olútankar
- ✓ Tveir minni tankar með lífrænni olíu
- ✓ Hitatankur fyrir fræsiolíu
- ✓ Biktankur á hjólum fyrir Benninghoven stöðina.

Lagnir til og frá asfalttönkum er í samræmi við *reglugerð nr 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi.*

Staðsetning

Bikbirgðastöð Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. er með aðsetur að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík en er auk þess með hafnaraðstöðu við Ártúnshöfðahöfn.

Yfirlitsmyndir yfir staðsetningar birgðatanka og dagtanka fyrirtækisins sem heyrar undir starfsleyfisskilyrði eru á síðum 2 og 3.

Staðsetning tanka



Birgðatankar



Dagtankar



Lóð og mannvirki

Birgðatankarnir eru 3 og standa á lóð sem er norðan við Sævarhöfða 6-10 og eru um 100 m á milli lóðamarka. Athafnasvæði Vörubílastöðvarinnar Þróttar er á milli. Stærð lóðar undir birgðatönkum er um 7.500 m². Lóð þar sem megin starfsemi fyrirtækisins fer fram er um 74.000 m². Dagtankarnir eru á þeirri lóð á milli malbikunarstöðvanna. Bikinu er dælt á milli birgðatanka og dagtanka eftir því sem við á eftir afgreiðslulögnum sem að mestu leyti eru neðanjarðar.

Lítið stöðvarhús er við birgðatankana, sem hýsir rafbúnað og stjórnþæki dælubúnaðar. Á lóðinni eru einnig 2 tankar undir lífolíu sem eru um 20 m³ að stærð hvor um sig. Einnig er á lóðinni 50 m³ hitatankur, svokallaður fræsítankur. Hann hefur ekki verið í notkun frá því fyrir árið 2009. Við hlið hitatanksins er yfirbyggð aðstaða þar sem afgreiðslustútur er staðsettur fyrir bik eða bikblöndu sem afgreidd er í tankbíla.

Geymsla og afhending biks

Tekið er á móti stungubiki frá asfaltskipum sem leggja við Ártúnshöfðahöfn. Skipið dælir bikinu gegnum löndunarleiðslu í birgðatankana. Tvær tegundir af stungubiki eru einkum fluttar til landsins og stýrir deildarstjóri framleiðsludeildar Malbikunarstöðvarinnar Höfða í hvaða tank er dælt hverju sinni. Stungubikið er geymt í birgðatönkunum uns það er notað í framleiðslu malbiks, eða selt til viðskiptavina. Bikið sem notað er til malbiksframleiðslu er dælt gegnum lagnir í dagtankana, sem eru

við malbikunarstöðvarnar. Bikið er um það bil 150°C þegar það kemur og er geymt við það hitastig, en á veturna er slökkt, eða hitastig lækkað verulega, á 1 til 2 birgðatönkum. Þeir eru síðan hitaðir upp á ný á vorin þegar umsvifin aukast á ný. Dælur, leiðslur og geymar eru hitaðir upp með rafmagni.

Við afgreiðslu á biki á tankbíl er dælt gegnum áfyllingarstút beint á bílinn. Við afgreiðslu á þjálbiki er dælt samtímis biki og lífolíu á þann hátt að lífolíunni er dælt inn í afgreiðsluleiðsluna á leið í tankbíl. Viðloðunarefni er dælt á bílinn um leið. Deildarstjóri framleiðsludeildar ákvarðar úr hvaða birgðatanki biki er dælt hverju sinni, en verkkaupi ákveður magn lífolíunnar. Algengt er að magn lífolíunnar sé á bilinu 5 til 7,5%, viðloðunarefnið um 1%. Lífolían síðustu ár hefur verið fiskiolía, svokallaðir etylesterar. Viðloðunarefnið er í 1.000 lítra bömbum og hefur verið af gerðinni Wetfix N.

Áður var þunnbik notað í vegagerð hér á landi í stað þjálbiks og var það afgreitt á tankbíla á sama hátt og þjálbikið í dag. Frá og með 2011 hefur nær eingöngu verið keypt þjálbik af Malbikunarstöðinni Höfða hf. og þunnbikið hefur horfið af markaði.

Botnþykktarmælingar tanka

Frágangur á tönkum Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., hvort sem það eru birgðatankar eða dagtankar fyrir asfalt, eru í samræmi við *reglugerð nr. 35/1994*. Það sama gildir fyrir leiðslur sem flytja asfalt til og frá tönkunum. Umhverfi birgðatanka er háttað þannig að asfalt á ekki að geta runnið frá þeim. Staðsetning daggeyma er ákveðin með tilliti til þess að asfalt geti ekki mengað neðri jarðlög, grunn- eða yfirborðsvatn. Umhverfis tankana eru varnir til að koma í veg fyrir ákeyrslur á þá.

Framkvæmdastjóri og gæðastjóri gera áætlun um botnþykktarmælingar í samræmi við núverandi lög og reglugerðir. Undanfarin ár hafa tankarnir verið botnþykktarmældir og skal því verki lokið fyrir 1. júní 2016, samkvæmt áætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun.

Deildarstjóri Framleiðsludeildar hefur umsjón með botnþykktarmælingum. Viðurkenndir úttektarmenn sjá um botnþykktarmælingarnar. Deildarstjóri sér til þess að tankurinn sem mæla á sé tæmdur áður en mæling á sér stað.

Botnar tankanna eru mældir á að minnsta kosti 4 stöðum í botninum og álíka mörgum stöðum í neðsta byrði tankana. Niðurstöður mælinga eru skráðar í skjal sem er sent til Umhverfisstofnunar. Hér fyrir neðan eru töflur yfir tanka fyrirtækisins og upplýsingar um síðustu mælingar.

Tafla 1: Asfalt- og olíutankar

Fastanúmer	Byggingarár	Innihald	Gerð	Stærð, m ³	Ártal síðustu botnþykktarmælinga	Athugasemdir
BT01	1971-1972	Asfalt	Uppréttur	3600	2013	Næst 2023
BT02	1971-1972	Asfalt	Uppréttur	3600	2013	Næst 2023
BT03	1998	Asfalt	Uppréttur	600		
13521	1996	Dísel	Neðanjarðar	40	2014	Næst 2024
	2006	Dísel	Láréttur	40	2006	Við Benninghoven stöð
		Dísel	Láréttur	10	Nýlegur	Við vélaverkstæði, í eigu Olís
DT01	1971-1972	Asfalt dagg	Uppréttur	65	2014	Næst 2024
DT02	1971-1972	Asfalt dagg	Uppréttur	65	2015	Næst 2025
DT03	2006	Asfalt dagg	Láréttur	36	(2006)	Tvöfaldur tankur ofanjarðar frá 2006
L001	1977-1978	Lífolíugeymir	Uppréttur	20	2014 ?	Hliðar mældar 2014
L002	1977-1978	Lífolíugeymir	Uppréttur	20	2014 ?	Hliðar mældar 2014
HT01	1978	Fræsiolía	Uppréttur	50		

Lekaprær

Lóð bikbirgðastöðvar er skilgreind sem ein stór lekaþró. Svæðið er niðurgrafið að sunnan og vestan, en að norðan rís Ártúnshöfðinn upp og veitir náttúrulega vörn. Að austanverðu er lóð Vörubílastöðvarinnar þróttar og eru á lóðamörkum fyrirstöður sem hindra leka inn á lóðina. Lega lands og aðstæður mynda varnir þannig að komi til leka úr tanki eru sára litlar líkur á að asfalt leki út fyrir lóðmörk. Verði leki verulegur og gerist snögglega eru þó einhverjar líkur á að bik geti borist inn á hluta af lóð Vörubílastöðvarinnar þróttar við Sævarhöfðann. Langt er í næstu byggingar og/eða mannvirki. Umhverfis lífolíutankana er steipt þró með olíuskilju.

Þrýstiprófanir

Asfaltlagnir Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti samkvæmt núgildandi lögum og starfsleyfi.

Tafla 2: Lagnir

Stöðvar-númer	Gerð (löndunar- /afgreiðslulögn)	Ártal síðustu þrýstiprófana	Athugasemdir
1	4" afgreiðslulögn	2013	Notkun heimiluð
2	10" löndunarlögn	2012	Notkun heimiluð

Frárennismælingar

Allt frárennsli frá lóð fyrirtækisins við Sævarhöfða 6-10, sem gæti verið mengað af olíuleifum, er leitt í olíuskilju. Olíuskiljur eru tæmdar að minnsta kosti einu sinni á ári. Mælingar eru gerðar á frárennsli

einu sinni á ári af starfsmanni fyrirtækisins með litastrimli auk þess sem utanaðkomandi aðili hefur mælt frárennslið annað hvert ár.

Gæðastjórnunarkerfi

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með vottað gæðakerfi samkvæmt *IST EN ISO 9001* gæðastaðli á starfsemi þess þar með talin starfsemi sem á sér stað í bikbirgðastöð (skírteini nr. FM594436). Vottunaraðili BSI sér um ytri úttektir. Auk þess eru innri úttektir framkvæmdar af úttektaraðilum á vegum fyrirtækisins reglulega. Fyrirtækið er með virkt ábendingakerfi.

Umhverfisstjórnunarkerfi

Fyrirtækið vinnur í samræmi við *IST EN ISO 14001* gæðastaðal og er búin að sækja um vottun á umhverfisstjórnunarkerfinu í júní 2015. Ábendingar eru skráðar í ábendingakerfi og úrbætur gerðar ef þarf.

CE merkingar

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með CE merkingar skv *ÍST EN 13108*, skírteini númer 0086-CPR-601703 og *ÍST EN 13043* og *ÍST EN 12620* á steinefnum, skírteini númer 0086-CPR-601702. Þessi CE vottun á vörum fyrirtækisins felur í sér að fyrirtækið hefur strangt eftirlit með búnaði framleiðsluvörunnar auk þess sem strangara framleiðslueftirlit er til staðar.

Umhverfisatvik

Öll umhverfisatvik eru skráð.


Reglulegt eftirlit Umhverfisstofnunar

Eftirlit Umhverfisstofnunar fer fram árlega.

Úrgangur

Reynt er að lágmarka myndun úrgangs eins og kostur er með góðri umgengni og hirðusemi. Almennum úrgangi er safnað í gám á lóð Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. Úrgangurinn er tæmdur reglulega af þar til bærum aðilum. Myndun spilliefna er í algjöru lágmarki við birgðatankana, en það sem fellur til er safnað í sérstök ílát og þeim komið til viðurkenndra förgunaraðila. Lekabyttur eru undir öllum stútum, bæði við löndunarstað og við birgðatankana. Sé um hreint asphalt að ræða í lekabyttunum er það endurunnið, en annars er efninu komið til viðurkenndra förgunaraðila.

Malbikunarstöðin Höfði hf. færir grænt bókhald skv. *reglugerð 851/2002* og er grunnárið 2003. Þar er gerð grein fyrir úrgangi sem til fellur á lóð fyrirtækisins.

Virðingarfyllst.

Halldór Torfason,
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 12. janúar 2015.